

Fundargerð 221. fundar stjórnar Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf.
21. nóvember 2025, kl. 12.00 á Skógarbraut 946, Reykjanesbæ.

Mætt:

Salóme Guðmundsdóttir, stjórnarformaður
Einar Jón Pálsson, stjórnarmaður,
Einar Gunnar Thoroddsen, stjórnarmaður,
Guðmundur Daði Rúnarsson, stjórnarmaður,
Guðný Birna Guðmundsdóttir, stjórnarmaður,
Pálmi Freyr Randversson, framkvæmdastjóri,
Bryndís Lúðvíksdóttir, skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð,
Elín Guðnadóttir, yfirverkefnastjóri,
Samúel Pétursson, þróunarstjóri,
Gunnar Sigurðsson, markaðsstjóri,
Auður Nanna Baldvinsdóttir frá Iðunn H2, kom inn á fundinn undir lið 3,
Steve Duncan frá C studios, kom inn á fundinn undir lið 4,
Ólafur Lúther frá Novum, kom inn á fundinn undir lið 5,

1. *Mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar félagsins* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri lagði fram mánaðarlegar rekstrarupplýsingar og skuldbindingar sem liggja inni á stjórnargátt félagsins.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar.

2. *Undirritun uppbyggingarsamnings um Spítalareit* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri sagði frá undirritun samnings um uppbyggingu að lágmarki 200 íbúða á svokölluðum Spítalareit. Þróunaraðili er Bjartavík og munu framkvæmdir að öllum líkindum fara af stað snemma 2026.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar og lýsti yfir ánægju með samninginn og uppbyggingu á Ásbrú.

3. *Kynning Iðunn H2* – til kynningar

Auður Nanna Baldvinsdóttir frá Iðunn H2 kom inn á fundinn og sagði frá verkefninu, fór yfir þróunar og tímaáætlun og næstu skref. Stjórn mun fá sendar nánari upplýsingar/glærur til yfirferðar og nánari skoðunar.

Stjórn þakkaði kynninguna

4. *Marketing Strategy* – lokakynning

Steve Duncan frá C-studios kom inn á fundinn og kynnti markaðsáætlun sem unnin hefur verið fyrir K64 verkefnið og Kadeco.

Stjórn þakkað Steve fyrir kynninguna.

5. *Verklagsreglur um ráðstöfun lóðarréttinda* - til kynningar

Ólafur Lúther frá Novum kom inn á fundinn og fór yfir drög að verklagsreglum.

Umræður um mikilvægi þess að unnið sé eftir skýrum ramma við ákvarðanatökur og að skýrar verklagsreglur liggi fyrir, sem framkvæmdastjóri og starfsfólk geti unnið eftir.

Reglurnar verða lagðar fram til samþykktar á næsta fundi stjórnar.

Stjórn þakkaði Ólafi fyrir kynninguna.

6. *Þróunarreitur við Reykjanesbraut* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri sagði frá erindi frá Reykjanesbæ fyrir hönd Þórukots

þróunarfélags sem hefur sýnt áhuga á uppbyggingu á þróunarreit við Reykjanesbraut.

Reykjanesbær tók vel í þessi áform og óskar eftir viðbrögðum Kadeco fyrir hönd landeiganda. Mikilvægt að áréttu að reiturinn er utan við skilgreint svæði K64 en þróun á þessu svæði styður við uppbyggingu Suðurnesjanna og hækkar þjónustustig gagnvart íbúum og ferðafólki.

Jákvætt tekið í erindið og framkvæmdastjóra falið að eiga samtal við sveitarfélagið og þróunaraðila um framhaldið.

7. *Staðan á deiliskipulagsgerð í Bergvík* – til upplýsinga

Framkvæmdastjóri og Elín Guðnadóttir yfirverkefnastjóri fóru yfir stöðu vinnu við mótun deiliskipulags í Bergvík.

Stjórn þakkaði fyrir upplýsingarnar.

8. *Rekstraráætlun 2026* – drög til kynningar

Framkvæmdastjóri lagði fram fyrstu drög að rekstraráætlun fyrir 2026.

Stjórn þakkaði upplýsingarnar. Verður tekið til umræðu á desemberfundi stjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:45.